

103. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn miðvikudaginn 22. febrúar 2023, kl. 14:00 í salnum Vatnsenda að Digranesvegi 1.

Fundinn sátu: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson, Katrín Helga Reynisdóttir, Friðrik Ómarsson og Teitur Erlingsson. Björn Jónsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn. Ólafur Björnsson boðaði forföll vegna námskeiðs í starfi og Sigurður Sigurbjörnsson var boðaður á fundinn í hans stað og var hann mættur í gegnum fjarfundarbúnað. Þá var Steinn S. Finnbogason, lögfræðingur frá lögfræðideild stjórnarsýslusviðs Kópavogsbæjar viðstaddur fundinn til upplýsingagjafar að beiðni formanns.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 13:10 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 102. stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt af fundarmönnum.

3. Endurskoðuð rekstraráætlun 2023

Stjórnarformaður lagði fram nýja útgáfu af rekstraráætlun Markaðsstofunnar og Skóp fyrir árið 2023 þar sem gert er ráð fyrir að starfsemi Markaðsstofu Kópavogs verði lögð niður en að starfsemi Skóp verði haldið áfram að Hlíðarsmára 10. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarstyrkur Kópavogsbæjar á árinu verði kr. 9.000.000,- kr. og að styrkurinn verði skilyrtur til reksturs Skóp. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir því að ráðinn verði starfsmaður í hlutastarf frá og með 1. mars nk.

Umræður urðu um málið og það verkefni að loka starfsemi Markaðsstofu Kópavogs. Fram kom að framkvæmdastjóri hafi fengið það staðfest hjá fjármálastjóra Kópavogsbæjar, að við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Kópavogsbæjar fyrir árið 2023 hafi verið samþykkt óbreytt framlag til Markaðsstofu Kópavogs og Skóp, samtals kr. 22.750.000,- kr. Einnig kom fram að framkvæmdastjóri hafi 6 mánaða uppsagnarfrest í starfssamningi sínum.

Fulltrúi Kópavogsbæjar á fundinum, upplýsti að ef fjárhagsáætlun verði ekki breytt til samræmis við breytt fjárframlag frá Kópavogsbæ muni Markaðsstofan líklega fara í rekstrarþrot.

Meirihluti stjórnarmanna voru ekki sáttir við þá framsetningu fulltrúa Kópavogsbæjar á fundinum að stilla framkvæmdastjóra upp með þeim hætti að hann gangist við því að gefa eftir samningsbundinn uppsagnarfrest.

Miklar umræður urðu um málið og meirihluti stjórnarmanna lýsti yfir óánægju með stjórnarsýslulega ákvarðanatöku og framkvæmd í málinu.

Fulltrúi Kópavogsbæjar lagði áherslu á að Markaðsstofa Kópavogs sé sjálfseignarstofnun og upplýsti að enginn rekstrarsamningur sé til staðar við Kópavogsbæ og þar af leiðandi beri Kópavogsbær enga ábyrgð á skuldbindingum Markaðsstofunnar.

Stjórnarmenn bentu á móti á eftirfarandi staðreyndir um tengsl Markaðsstofu Kópavogs og Kópavogsbæjar:

- Markaðsstofa Kópavogs er stofnuð af Kópavogsbæ 21. febrúar 2013 eða fyrir 10 árum síðan og tók við verkefnum sem áður voru á borði „Atvinnumálanefndar Kópavogs“.
- Ákvörðun um lokun Markaðsstofunnar er tekin af bæjarstjóra Kópavogs og tilkynnt til stjórnar af honum.

- Meirihluti stjórnar er skipuð fulltrúum Kópavogsbæjar sem þegið hafa stjórnarlaun frá Kópavogsbæ eins og fulltrúar í nefndum bæjarins.
- Fundargerðir Markaðsstofunnar eru lagðar fram á fundum Bæjarstjórnar Kópavogs og Bæjarráðs til afgreiðslu.
- 70-80% af fjármögnun félagsins frá stofnum hefur komið frá Kópavogsbæ.
- Á fjárhagsáætlun Kópavogs fyrir árið 2023 fær Markaðsstofan úthlutað óbreyttu fjárframlagi 23.750.000,- kr., samþykkt af bæjarstjórn og staðfest með tölvupósti frá fjármálastjóra bæjarins.
- Til að breyta samþykktum Markaðsstofunnar þarf samþykki Kópavogsbæjar.
- Í samþykktum er ákvæði um lokun MK þar sem segir að eignir skulu ganga til verkefna á vegum bæjarins.

Umræður urðu um nýja rekstraráætlun Markaðsstofu Kópavogs og Skóp, sem m.a. innifelur tillögur um að hefja markaðsherferð, búa til enn frekara verðmæti, sækja styrki og fjölga félagsmönnum SKÓP. Formaður benti m.a. á að kannaður verði möguleiki á að minnka leigurými eða skoða samnýtingu rýmis með öðrum stofnunum í svipaðri starfsemi eins og til dæmis Áfangastaðastofu. Rekstraráætlun var ekki samþykkt á fundinum.

4. Uppsögn framkvæmdastjóra

Málið var ekki tekið á dagskrá.

5. Önnur mál

Stjórn samþykkti að leggja ályktun fyrir Bæjarstjórn og eða Bæjarráð Kópavogs um hvernig loka megi starfsemi Markaðsstofu Kópavogs en halda áfram rekstri atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp á sömu kennitölu. Ályktunin innihaldi upplýsingar um hvernig það verði framkvæmt. Áhersla verði lögð á að sómasamlega verði staðið að verki og að tekið verði fullt tillit til skuldbindinga Markaðsstofunnar varðandi uppsögn framkvæmdastjóra, ákvæða í húsaleigusamningi og annara skuldbindinga félagsins.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kanna kostnað við að fá lögmann til að skrifa greinagerð um lagalegan grunn tengsla Markaðsstofu Kópavogs og Kópavogsbæjar og rýna stjórnsýslulega meðferð málsins. Stjórnarformaður greiddi ekki atkvæði með samþykktinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.